

Nd.

268. Nefndarálit

um frv. til l. um breytt. á l. nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Tveir nefndarmanna vilja samþykkja frv. óbreytt, en við, sem ritum undir þetta nefndarálit, teljum, að ekki sé rétt að samþykkja frumvarpið að svo stöddu.

Að vísu erum við sammála flutningsmanni frv. um það, að bændafræðsluna beri að efla og auka eftir því, sem þörf krefur. Það skal og viðurkennt, að hin mikla aðsókn að bændaskólunum síðustu árin bendir ótvírætt til þess, að full þörf sé á því að gefa fleiri kost á að njóta þeirrar fræðslu, sem bændaskólarnir veita, en nú er hægt. En að við teljum ekki rétt að samþykkja frumvarp um stofnun nýs bændaskóla nú, stafar af eftirfarandi ástæðum:

1. Enginn undirbúningur hefur enn farið fram um það, að ákveða slíkum skóla heimili. Teljum við heppilegast, að þeim undirbúningi verði lokið áður en lög-gjöf verður sett um skólann.
2. Nú er í ráði, að Alþingi skipi millipinganefnd til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar. Verði slík nefnd skipuð, teljum við sjálfsagt, að hún athugi bændafræðsluna ásamt öðru, er snertir skólamál landsins, og þá meðal annars, hvort ekki sé hægt að samræma kennslu í héraðsskólum og bændaskólum á þann hátt, að einhverjir þættir bændafræðslunnar fari fram í héraðsskólunum.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið fram tekið, leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að Alþingi það, er nú situr, ákveði, að skipuð skuli millipinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar, og í trausti þess, að sú nefnd taki kennslustarfsemi bændaskólanna til athugunar, og þá meðal annars, hvort ekki megi koma bændafræðslunni að einhverju leyti í samband við héraðsskólana, telur deildin ekki tímabært að ákveða nú þegar að fjölga bændaskólunum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Steingr. Steinþórsson,
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson.